

Nd. 288. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Jónas Jónsson, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Á eftir 60. tölulið B. í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Svalbarðseyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar gengið var frá lögum um hafnargerðir og lendingarbætur 1946, var Svalbarðseyri ekki tekin með í tölu styrkhæfra hafna, af því að staðurinn var þá í einkaeign. Nú hefur Svalbarðshreppur keypt eignina og ákveðið að leggja í allmikla viðgerð á bryggju á staðnum. Hafnarskilyrði eru mjög góð á Svalbarðseyri. Með þeirri umbót á bryggjunni, sem nú er ráðgerð, geta öll minni skip legið þar við festar án þess að byggja þurfi skjólgarð. Allmikið af verzlun í Suður-Þingeyjarsýslu fer fram á Svalbarðseyri. Leggst óþarfa kostnaður á þau viðskipti, meðan bryggjan hefur ekki hlotið þá viðgerð, sem hreppurinn vill nú framkvæma með styrk samkvæmt því, sem tíðkast undir svipuðum kringumstæðum.